



Kennari/ar: Elvar Ingimundarson

Skammstöfun: ELI

Áfangalýsing:

Í þessum áfanga verður farið yfir helstu atburði í Íslandssögunni frá landnámi til upphafs 19. aldar. Unnar verða tímalínur og spurningar sem nemendur safna saman í möppu og skila í lok annar. Ýmis konar verkefni verða gerð til þess að dýpka skilning nemenda á einstaka atburðum eða einstaklingum sögunnar. Þessi áfangi er lokaprófslaus.

Til grundvallar liggja eftirfarandi efnisflokkar:

- Notkun og öflun heimilda.
- Landnám Íslands og upphaf Íslandsbyggðar.
- Kristnitaka
- Þjóðveldisöld
- Sturlungaöld
- Siðaskipti
- Einokun og einveldi
- Tyrkjarán, Innréttingar og Móðuharðindi.
- Magnús Stephensen

Markvisst er unnið að því að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundir heimilda og þjálf þá í notkun þeirra og einfaldri framsetningu efnis. Lögð er áhersla á að sýna fram á hvernig sagan birtist nemendum í nútímanum.

Undanfari: enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- helstu þáttum/viðburðum Íslandssögu 870-1800
- orsökum þeirra og áhrifum á íslenskt samfélag.
- heimildaöflun
- að kynna ákveðið viðfangsefni sem byggir á ítarlegri heimildaöflun

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- færa rök fyrir máli sínu
- nota heimildaskrá
- skrifa fræðilega texta
- geta lýst aðstæðum á tilteknum tíma og rakið atburðarrás í stórum dráttum.
- skýra helstu viðburði Íslandssögunnar
- gera greinarmun á staðreynd og túlkun.
- draga sjálfur ályktanir
- að flytja af nokkru öryggi endursagnir, kynningar og lýsingar á tilteknum málefnum.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kynna fræðilegt efni á viðeigandi hátt.
- færa rök fyrir niðurstöðum.
- gera sér grein fyrir orsakir og afleiðingar.
- geta rakið þróunarferli einhvers þjóðfélagsþáttar s.s. hugmyndar, atvinnuvegar, menningarsvæðis
- tengt atburði Íslandssögunnar við okkar tíma.
- geta sýnt kunnáttu sína í ljósu og samfelldu máli.

Námsefni:

Fornir tímar, Gunnar Karlsson, efni frá kennara

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Námsefni og lesefni	Próf og verkefni
1 (15. – 17. jan)	Kynning á áfanga Uppruni Íslendinga <i>Lesið II.1 í <i>Fornir tímar</i></i>	
2 (20.– 24. jan)	Landnám Íslands <i>Lesið II. 5, 6, 7, 8 og 9 í <i>Fornir tímar</i></i>	
3 (27.– 31. jan)	Kristnitaka Hugmyndaheimur og lífsbjörg <i>Lesið II. 10, 13, 14, 15, 16 í <i>Fornir tímar</i></i>	Skilaverkefni um landnám.

4 (3. – 7. feb)	Sturlungaöld og erlend yfirráð Lesið II. 17, 18, 20, 21 í <i>Fornir tímar</i>	
5 (10.–14. feb)	Hrun Noregsveldis/ enska öldin Lesið II. 22 og 23 í <i>Fornir tímar</i>	Skilaverkefni um Sturlungaöld
6 (17. – 21. feb)	Siðaskiptin Lesið III. 1, 2, 3, 4, 5 í <i>Fornir tímar</i>	
7 (24.– 28. feb)	Prófavika	Próf 1: Skriflegt próf
8 (3. – 7. mar)	Heimildaverkefni	
9 (10.–14. mar)	Ísland á 17. og 18. Öld Lesið III. 7 og IV. 5, 6,7 í <i>Fornir tímar</i>	
10 (17. – 21. mar)	Framhaldsskólalíf Lesið IV. 11, 12 í <i>Fornir tímar</i>	Verkefni: Smásaga
11 (24.– 28. mar)	Einokunarverslun Lesið V. 4, 5 í <i>Fornir tímar</i>	
12 (31.mar – 4. apr)	Tyrkjaránið og einveldi Lesið V. 8, 9, 10 í <i>Fornir tímar</i>	Míkróverkefni: Reynistaðabraeður
13 (7.– 11. apr)	Innréttingarnar Lesið V. 13 í <i>Fornir tímar</i>	Skilaverkefni um Tyrkjaránið
14 (22.– 25. apr)	Skaftáreldar og uppgangur Reykjavíkur Lesið V. 14, 15 í <i>Fornir tímar</i>	Míkróverkefni: Íslendinar í augum Dana
15 (28.apr – 2. maí)	Upplýsingin á Íslandi Lesið VI. 6, 7, 9 í <i>Fornir tímar</i>	
16 (5. – 9. maí)	Prófavika	Próf 2: Munnlegt próf
17 (12. – 15. maí)	Skráp	

Sérreglur áfangans:

Ætlast er til að nemendur skili verkefnum á þeim tíma sem þeim er ætlaður. Litið er á vanskil verkefna sem yfirlýsingu um að nemandinn ætli ekki að gera verkefnið. Ef nemandi skilar verkefni seint er gefin -1 í einkun fyrir það verkefni.

Nemendur fæddir 2005 og fyrr geta samið við kennara um þátttöku og viðveru. Sama gildir um nemendur með opið vottorð. Þátttaka í tímum og skil á verkefnum er forsenda þess að standast áfangann.

Ef verkefni er stolið/tekið frá öðrum fær verkefni 0. Ef grunur er um notkun gervigreindar fær nemandi 0. Ef nemandi telur sig hafa verið ranglega sakaðan um að nota gervigreind þarf nemandi að gera munnlega grein fyrir verkefninu og hvernig það var unnið.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skilamappa	Spurningar, tímaásar og leiðréttingar	25%
Verkefni	Skilaverkefni	30%
Próf	Skriflegt og munnleg próf	30%
Heimildaverkefni	Heimildaverkefni	15%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

13. janúar 2025: Elvar Ingimundarson